

Stöð

Skáli og athafnasvæði í Stöð á Stöðvarfirði
Skýrsla IX



Samstarfsaðilar: *Rocs*. Queen Margarethes and Vigdír Finnbogadóttir's
Interdisciplinary Research Centre on Ocean,
Climate, and Society. Háskólinn í Kaupmannahöfn -
HÍ
Próf. Þorvaldur Þórðarson, Jarðvísindastofnun HÍ
Dr. Hilmar Malmquist, Náttúruvísindasafni Íslands
Próf. Snæbjörn Pálsson, HÍ
Dr. Ólafur Eggertsson, Skógræktinni á Mógilsá

Forsíðumyndin sýnir skipakrot (*ship graffiti*) á litlum rauðum sandsteini sem fannst undir
vegg eldri skálans rétt austan við dyrnar. Steinninn er 2,48 sm í þvermál og 1,33 sm
þykkur. Hann vegur aðeins 7,1 g. (Fnr. 2023-77. Ljósmynd. BFE. Sjá teikningu, mynd 12).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Janúar 2024

Inngangur

Sumarið 2023 var áttunda sumar rannsókna í Stöð á Stöðvarfirði, auk forrannsóknanna, sem gera níu rannsóknartímabil samtals. Rannsóknin hófst þann 1. júní síðastliðinn og lauk þann 30. sama mánaðar.

Stöð var með öðru yfirbragði nú en í fyrra. Veður var afar gott, hlýtt, logn og góð birta allan tímann.

Mannvirkin komu ágætlega undan vetri þegar plastábreiðan var fjarlægð nokkrum dögum áður en rannsóknin hófs.

Fyrstu dagana voru á staðnum fornleifafræðingarnir Jakob Orri Jónsson, Viktoría Halldórsdóttir og undirritaður. Sömuleiðis voru fornleifafræðinemendurinnir Anna Soffía Ingólfssdóttir, Krístrún Kristinsdóttir, Philipp Conrad og Sigbór Bjarmi Geirsson á staðnum auk Þorgeirs Eiríkssonar. Síðar bættust við í styttri eða lengri tíma Kalle Thorsberg og Louise Olson fornleifafræðingar, Júlíus Einarsson fornleifafræðingur og Jón Kári Jónsson lögfræðingur.

Styrkir til rannsókna fengust frá Ástu Snædísí Guðmundsdóttur, BT vertökum, Félagi áhugahóps um fornleifarannsóknir á Stöðvarfirði, Fjarðabyggð, Fornminjasjóði, Landatanga, Loðnuvinnslunni, Salthúsmarkaðnum á Stöðvarfirði og Sesselju Guðmundsdóttur, auk fjölda heimamanna, sem færðu okkur kökur og kaffi eins og venjulega.

Markmið sumarsins voru að klára leifar Húss 3, eldri skálans. Einnig var þess freistað að staðfesta hvort niðurstöður jarðsjármælinga gætu bent til þess að kuml væru að finna austur af skálunum, en vísbendingar um það komu í ljós við jarðsjármælingarnar (sjá kafla þar um). Jarðsjármælingarnar fóru fram í maí síðastliðnum og stóðu yfir í vikutíma. Stjórnandi mælinganna var dr. Mark Graham hjá *Grampus heritage & Training Limited*. Aðrir þátttakendur í mælingunum voru Faye McNamara, Ian Thomson, Emma Deyn, Johanne Stamper og Frank Giecco.

Stefnt var að því að rannsaka reit E frekar og stækka það til norðurs og klára stærri holuna (mannvirki E2) sem þar fannst sumarið 2021. Ekki reyndist unnt að stækka reitinn sökum tímaskorts. Þess í stað var haldið áfram rannsóknum á mannvirkjum á reitnum.

Um staðhætti, önnur fullrannsókuð mannvirki og sögubrot er vísað til fyrri skýrslna.

Fjöldi einstaklinga komu í heimsókn eins og fyrri sumur og fengu allir stutta leiðsögn um uppgröftinn. Mest bar þar á frönsku þáttagerðarteymi frá *Rétroviseur Productions*. Stöð mun leika þar stórt hlutverk, en áætlað var að klára þáttinn fyrir árslok 2023.

Fulltrúi heimamanna var sem endranær Björgvin Valur Guðmundsson og eins og áður var hann okkur til halds og trausts við rannsóknirnar. Björgvin er í forsvari fyrir Félagi áhugahóps um fornleifarannsóknir í Stöð og tók í raun allur hópurninn þátt, svo sem við fjáröflun, tyrfingu, yfirbreiðslu og

lánnum á því sem þurfti til eftir atvikum svo sem hjólbörum, dýnum, sængum, gröfu o.s.frv. Þetta hefur hópurinn gert frá fyrsta degi.

Rannsóknarhópurinn borðaði hádegismat á heimili Björgvins Páls og Þóru Bjarkar Nikulásdóttur konu hans og sem fyrr var maturinn hreint afbragð. Öllum þessum aðilum er þakkað fyrir afar ánægjuleg kynni og góðan hug. Það er ómetanlega dýrmætt að hafa slíka bakhjarla þegar rannsóknir sem þessar fara fram. Einnig er próf Kurt H. Kjær, dr. Wesley Randall Farnsworth, dr. Ólafi Eggertssyni, Kalle Thorsberg, dr. Mark Graham og próf. Þorvaldi Þórðarsyni, þökkuð aðstoðin og samvinnan. Þeirra skerfur er ómetanlegur. Að lokum er Landatanga ehf þakkað fyrir lán á gröfu sem og öllum sem tóku þátt í vettvangsvinnunni og frágangi á svæðinu og öllum stuðningsaðilum.

Rannsóknin

Fyrsta verkið var að hreinsa allt svæðið við eldri skálann til að ná þeirri stöðu sem náð var í lok síðastliðins sumars. Tók sú vinna fjóra og hálfan dag.

Svæði í kring um reit E ætluðum við að stækka til norðurs til að kanna hvort fleiri holur myndast þar. Ekki gafst tími til þess vegna þess að nota þurfti meiri tíma í eldri skálann en ráð var fyrir gert og meiri tíma þurfti í að hreinsa mannvistarlögin í reit E. Öll mannvistarlög voru blautsigtuð eins og fyrri sumur, bæði úr skálanum og annarsstaðar. Slík sigtun hægir nokkuð á rannsókn, en var og er nauðsynleg.


Gjóskusýni sem tekin voru sumarið 2022, bæði við skálana og fram á dal eru ekki greind enn, en þess er ekki langt að bíða að niðurstöður greininganna liggi fyrir. Sýnin eru í ferli.

Tekin voru 13 viðarkolasýni síðastliðið sumar og 11 þeirra send utan í C-14 greiningu, en úr mörgum sýnum fengust fleiri en eitt sýni og voru samtals 18 viðarkolasýni C-14 aldursgreind. Kostnað við greiningarnar sá *Globe institute (Rocs)* um, en greininguna annaðist *Beta Analytic* í Florida, USA.


Teknar voru stafrænar myndir og drónamyndir eftir því sem uppgreftinum vatt fram. Myndir sem teknar voru síðasta daginn eyðilögðust og voru það drónamyndir af öllu rannsóknarsvæðinu, af reit D og E, eldri skálanum, mannvirki E2 og E3 og kumlaleitarsvæðinu eftir rannsókn. Það kemur ekki að sök, því hægt er að endurtaka ljósmyndunina á næsta sumri.

Jarðsjármælingar

Dagana 16.–19. maí síðastliðinn fóru fram jarðsjármælingar á stórum svæðum austur af skálanum. Mælinguna annaðist hópur frá *Grampus heritage & Training Limited* undir stjórn dr. Mark Graham. Tvær aðferðir voru notaðar, annarsvegar viðnámsmæling og hins vegar segulmæling. Markmiðið með mælingunum var að finna kuml annarsvegar og fleiri hús eða mannvirki hinsvegar.



Mynd 1. Viðnámskort af öllu svæðinu sem mælt var. Rauðar örvar sýna fjögur þessara bátлага forma á eystra svæðinu. Í þau öll var grafið og í ljós komu skriður úr fjallinu, eða fjallshlíðinni. Staðsetningar reita D og E eru sýndar á myndinni auk Prh. 2.




Mynd 2. Túlkun á niðurstöðum jarðsjármælinganna, bæði segul- og viðnámsmælinga. Rautt sýnir niðurstöður segulmælinganna og blátt sýnir niðurstöður viðnámsmælinganna. Rammarnir sýna 20 x 20 m stór svæði.

Tvö aðliggjandi svæði austur af skálanum voru mæld. Náðu þau yfir um 120 x 250 m stórt svæði.

Mælingarnar sýndu greinileg bátsformuð fyrirbæri undir sverðinum og ekki hægt annað en að kanna þau nánar með profuholugreftri. Í ljós kom að öll formin sem skoðuð voru eru náttúruleg og þar sem hægt var að segja til um tilurð þeirra voru þau öll skriður eða spýjur úr fjallshlíðinni einhverntímann eftir landnám, en líklega eftir 1362.

Í nokkrum tilvikum sýndu mælingarnar vísbendingar um hús eða mannvirki á vestara svæðinu, en ekki gafst tími til að kanna þær nánar.

Stefnt er að því að endurtaka mælingarnar og jafnvel lengra til austurs og sunnan við skálana. Einnig standa vonir til þess að hefðbundin jarsjá verði notuð, auk endurtekningu á viðnáms- og segulmælingum. Þessar niðurstöður vorsins kölluðu á að svæðið yrði kannað og var hafist handa við profuskurðagröft á fyrsta degi rannskókna í Stöð síðastliðið sumar.



Mynd 3. Leiðréttar niðurstöður C-14 aldursgreininga úr sýnum sem tekin voru sumarið 2022 og 2023. Sýni C10–20 voru tekin 2022 og talin geta verið úr Húsi 2 og 3, en eru úr Húsi 2, yngri skálanum. Önnur sýni voru tekin sumarið 2023. Þessar niðurstöður benda til þess að yngri skálinn sé byggður um 950 e. Kr. (Töfluna gerði Wesley Randall Farnsworth).

Leitin að kumlunum

Byrjað var á því að grafa um 1 m breiðan skurð á vestustu vísbendingunni um kuml á eystra svæðinu. Í ljós koma að þarna hefur skriðað runnið yfir, en ekkert annað manngert en kolamolar á eins metra dýpi. Það er vafalaust smit frá mannvirkjun í Stöð. Grafið var niður á um 1,45 m dýpi og sáust þar gjóskulög úr Veidivötnum 1477 og þar undir lag úr Örafajökli 1362, bæði undir skriðunum.

Sýni og greiningar

Frá því að rannsnóknum lauk sumarið 2022 hafa samtals 29 viðarkolasýni verið greind úr yngri og eldri skálunum. Niðurstöður 11 sýna bárust í mars 2023, sem tekin voru 2022 og í september síðastliðinn bárust niðurstöður 18 sýna sem tekin voru 2023. Nú hafa samtals 43 C-14 viðarkolasýni frá Stöð verið aldursgreind. Greiningar á viðarkolasýnum frá 2023 sýna að yfirgnæfandi fjöldi þeirra var úr birki. Að auki voru fáein úr víði og eitt úr fjalldrapa. Sýnin frá 2022 voru áþekkt, en þar leyndist þó barrviður í einu sýni.

Sjö mannvistarlagssýni voru jafnframt tekin síðastliðið sumar og tvö beinasýni. Þau eru öll möguleg eDNA sýni ef þurfa þykir. Farið var með úrval beina, mest brennd, til dr. Helen Benkert beinafræðings í HÍ.

Niðurstaða C-14 greininganna er býsna góð og sýnir svo varla verður móti mælt að yngri skálinn er frá 10. öld og að eldri skálinn er ekki fyrir landnám, heldur frá því í upphafi landnáms um 870 e. Kr. Yngri skálinn tekur svo við jafnharðan, varla síðar en 950 e. Kr. og hefur verið við líði rétt fram yfir 1000 e.Kr.

Hins vegar hefur komið í ljós (sbr. síðustu skýrslu) að skálarnir standa ofan á eldri leifum sem þeir hafa leikið mjög hart. Niðurstöður beinagreininga verða gerð skil í lokakaflanum.

Tegund	Hús 2	Hús 3	Reitur D	Reitur E	Annarsstaðar	Sam.
Perlur	160	12+16	13	0	2	203
Mynt	9	1+0	0	0	0	10
Silfurhringir	4	0+0	0	0	0	4
Skífur	76	7+5	23	0	9	128
Hnífar	18	8+0	1	0	2	29
Spjót/skutull	2	0	0	0	0	2
Steinar með gati	13	0+1	0	0	1	15
Unnir Steinar	13	1+1	0	0	0	15
Skreyttir steinar	7	1	1	0	0	9
Mylljarar	0	2+0	0	0	0	2
Met (blý)	7	0+1	0	0	0	8
Blý	19	1	1	0	0	21
Snældusnúðar	32	0+1	3	0	1	37
Brýni	86	16+18	27	1	5	153
Kljásteinar	11	0+1	2	0	0	14
Sauðaklippur	1	0	0	0	0	1
Aflsteinn	0	1+1	0	0	0	2
Töflur	6	0	0	0	0	6
Hóffjaðrir?	5	0	0	0	0	5
Svartaraf	0	0	1	0	0	1
Tinna	42	9+3	4	2	2	62
Japsis (Fnr.)	313	47+58	49	2	17	486
Glerhallur (Fnr.)	267	25+13	20	1	16	342
Járn (Fnr.)	515	53+56	43	4	24	695
Kléberg (Fnr.)	27	6+1	3	0	1	38

Tafla 1. Samanburður á fjölda funanúmera á vissum gripum í yngri og eldri skála í Stöð og utan þeirra. Akveðin óvissa er með greiningar á fáeinum gripum og efnisflokkum. Gripir sem fundust í veggjum húsa eða undir þeim eru hér taldir með húsunum. Gripir sem tilheyra annaðhvort Húsi 2 eða 3 eru hér færðir undir Hús 2. Fáeinir gripir lenda í fleiri en einum flokki. Við þessa töflu má bæta einum leðurbút sem fannst í rými 5. Með fyrirvara um að Hús 3 er óklárað. + merkir gripir frá 2023.



Mynd 4. Drónamynd af Húsi 3, eldri skálanum tekin viku áður en rannsóknum lauk. Langeldurinn er ekki enn kominn í ljós en hans var að vænta í miðjum skálanum (sporöskulaga dökkur blettur) og sú varð raunin sbr. mynd x. (Stafr. myndir nr. 504. N vísar upp. Ljós. BFE).

Hús 3

Ekki náðist að klára eldri skálann (Hús 3) síðasta sumar eins og stefnt var að. Og það eru áhöld um hvort það náist næsta sumar nú þegar ljóst er að eldri mannvirki leynast undir honum og í veggjum hans.

Skálanum verður ekki lýst frekar en honum var lýst í síðustu skýrslu, en þó verða nokkur ný atriði sem í ljós komu síðasta sumar nefnd hér. Voru þetta langeldur og stoðarholur sem komu í ljós. Að auki bættust nokkrir gripir við gripaflórana í skálanum.

Á suðurveggnum, alveg við austurgaflinn, eru hugsanlega dyr. Þessi staðsetning er óvenjuleg á Íslandi en þekkt. Vestast á suðurveggnum hafa áður komið í ljós vísbendingar um að þar hafi einnig verið dyr. Dyr við gaflana eru að finna á stærsta skála Noregs, Borg á Lofoten, svo þetta er ekki einstakt.

Miðbik skálans er mun lægra en aðrir hlutar hans og má tala um dæld sem grafin hefur verið niður í sjávarmöl og í henni miðri var langeldurinn. Var dældin um 2,27 m breið og huganlega 11,5 m löng. Nokkur hæðarmunur var á miðhellunni í langeldinum og hæð setana sín hvoru megin. Norðursestið var 0,17 m hærra og suðursetið 0,14 m hærra.



Mynd 5. Steinhella með boruðu gati, kónísku. Þessi steinn lá í gólfinu í austurhluta eldri skálans. Til hverra nota hann var liggur ekki ljóst fyrir en hugsanlega eru þetta aflsteinn, en slíkur steinn fannst einnig í smiðjunni, vestasta rýminu í skálanum. (Fnr. 52. Ljós. BFE).

Langeldurinn er þar sem spáð var í fyrri skýrslu, skammt vestur af langeldinum í yngri skálanum. Er hann 0,77 m breiður og 1,7 m langur. Hann virðist afar lítt úr lagi færður og reyndar mjög vel varðveittur. Hann verður rannsakaður frekar á næsta sumri.

Sterkar vísbendingar um stoðarholur, eða öllu heldur, stoðarför ofan á sjávarmölinni komu í ljós í stórum hluta skálans við báða jaðra miðskipsins. Verða þau rannsökuð nánar næsta sumar. Út frá þessum stoðarförum má skifta skálanum niður í einstök rými á öruggari hátt en ella.

Í skálanum voru 187 fundanúmer skráð síðastliðið sumar og á bak við þau voru 228 brot eða gripir, annað hvort brot úr sama hlut eða fleiri molar eins og úr jaspis, járn, brýnum, glerhalli og beinum. Aðeins einn gripur úr klébergi fannst í eldri skálanum síðastliðið sumar og þar var jafnframt eini snældusnúðurinn sem örugglega er úr skálanum. Áður hafa fundist sex gripir úr klébergi í vestur enda skálans og allir fundust þeir á sama svæði (rými C skv. fyrstu rýmisskiptingu skálans, sem nú er túlkuð sem smiðja, sjá skýrslu 8) og voru úr grýtu. Líklega eru brotin öll úr sömu grýtunni.

Samtals fundust 22 brot úr brýnum (18 brýni). Öll brýnin, nema tvö, eru úr dökku flögubergi. Tíðni dökkra brýna (frá Mostadmarka í Þrændalögum?) er mun hærri í eldri skálanum en þeim yngri, en vinnsla á dökkum brýnum frá Mostadmarka byrjaði á undan þeim ljósu og verslun með þau hvarf á 9. öld. Kr. (Baug o.fl. 2020:52-53).

Í miðskipi skálans austarlega fannst stór steinn með boruðu gati sem klappað hafði verið í öðru megin. Stærð hans er 21,2 x 22,7 sm og þykkt hans er 3,5 sm. Var hann brotinn í þrennt og það kann að hafa gerst við framleiðsluna og steinninn því notaður sem gólfhella í staðinn fyrir aflstein (sjá mynd 6). Fjallað verður nánar um helstu gripi sumarsins hér að neðan.

Reitur D

Áfram var haldið að grafa í mannvistarlögum í reit D, en reiturinn var að öðru leiti ekki stækkaður. Það þótti ekki ástæða til að teikna hann á ný þar sem nær engin breyting varð á reitnum. Samtals hafa nú 192 fundanúmer verið skráð úr honum. Mest ber á jaspis og glerhalli, brýnum, járn og skífum. Járníð er yfirleitt ógreinanlegt en þó má greina þar einn mögulegan hníf, einn mögulegan örvarodd, einn mögulegan síl, eina mögulega nál, rónagla, tvo hnoðnagla, þrjár skinnur, lykkju, borða og svo nokkra nagla.



Mynd 6. Langeldurinn í Húsi 3. (Stafr. myndir nr. 508. Horft mót A. Ljós. BFE).

Gripur	Fj.
Snældusnúðar	2+1
Kljásteinar/sakka	2
Hákarlatennur	4
Bljý	1 (perla)
Jaspis (Fnr.)	48+1
Glerhallur (Fnr.)	18+2
Perlur	13+1
Brýni	24+3
Kléberg (ekki snúðar)	1
Skífur	17+6
Járn (Fnr.)	39+4

Tafla 2. Gripaflokkar (fundanúmer) úr reit D (Prh. B) frá upphafi rannsókna. + sýnir fjölda fundanúmera 2023.

Þetta bendir til þess að mikið hafi verið um skerandi vinnu (jaspis- og glerhalls steinarnir og brýnin) í nágrenni reitarins.

Því hefur áður verið spáð að hús kynni að leynast norðan við reitinn og jarðsjármælingarnar benda til þess að svo kynni að vera. Einnig hefur sá möguleiki verið nefndur að þarna kunni öskuhaugur að vera sem styrkir þann möguleika að hús sé í allra næsta nágrenni. Stefnt er að því að kanna þetta til hlýtar.

Reitur E

Haldið var áfram að grafa í mannvistarlaginu sem þekur bróðurpart reitarins og leitað að fleiri holum (seyðum?), en áður hafa tvær holur verið staðfestar, mannvirki E1 og E2. Mannvirki E1 er fullrannsakað og nú voru mannvirki E2 og E3 sömuleiðis fullrannsökuð. Áður (2021 og 2022) hafa tvö viðarkolasýni verið greind úr reitnum og bæði tekinn úr mannvistarlaginu. Dr. Ólafur Eggertsson sá um viðartegundagreiningarnar eins og allar aðrar tegundagreiningar á viðarkolum frá Stöð.

Sýni 82 (birki) reyndist vera 1130 ± 30 BP (before present, reiknað frá 1950). Leiðrétt skv. 2 sigma staðalfrávikni er sýnið frá tímabilinu 774–786 (3,0% líkur), 831–851 (3,5% líkur) eða 874–994 (88,9% líkur).

Sýni nr. 99 (birki og víðir) reyndist vera 1114 ± 29 BP. Leiðrétt skv. 2 sigma er sýnið frá 775–783 (1,1% líkur), 880–896 (93,6% líkur) eða 1008–1014 (0,8% líkur).

Hugsanlega má nú sjá 6–8 holur á reitnum. Þrjár hafa verið fullrannsakaðar. Athyglisvert er að þær eru hver annarri ólíkari sem bendir til þess að þær hafi ekki þjónað nákvæmlega sama hlutverki.

Við eina ókláraða holu var komið niður á torfflyksur (sjá stafrænar myndir nr. 511). Þetta verður rannsakað betur næsta sumar, en minnir á meint torf í holu E3 sbr. mynd 12, lag 7.


Samtals hafa nú 27 fundanúmer verið skráð úr reitnum og engin þeirra úr holunum með vissu. Mest eru það brennd bein, en aðeins sýnishorn af þeim hefur verið safnað. Einsleitni í funda-flórunni er áfram áberandi og nú bættist einn gripaflokkur við, brýni.



Mynd 7. Reitur E áður en holur E2 og E3 voru rannsakaðar. 1-3 sýnir fullrannsakaðar holur. X merkir líklegar holur. (Stafr. myndir nr. 507. Norður vísar upp. Ljós. BFE).



Mynd 8. Mannvirki E3 í reit E. Sjá má hvít beinalag rétt undir yfirborðinu og svart kolalag á botni. Dreggjarnar af hvítu beinalagi sést ofan á holunni. (Stafr. myndir nr. 510. Horft mót S. Ljós. BFE).



Mynd 9. Sniðteikning af holu E2.

Þegar skýrsla um rannsóknirnar 2022 kom út var ekki búið að aldursgreina viðarkolasýnið (sýni 116) úr mannvirki E1, en niðurstaðan er 1130 ± 29 . Leiðrétt skv. 2 sigma er sýnið frá 957-1175. Hlutfall C-13 var -27,9‰.

Mannvirki E2, lýsishola?

Síðastliðið sumar var holan mæld og reyndist vera 1,6 m breið og 2,36 m löng. Rannsóknin leiddi í ljós að hún var aðeins minni um sig en fyrsta mæling gaf til kynna, en það gæti m.a. stafað af því að grafið var nú aðeins ofan af henni áður en hún var rannsökuð frekar (snittuð). Lengd hennar reyndist nú 2,1 m og breyddin um 1,4 m. Mesta dýpt hennar var 0,4 m. Fylling holunnar á yfirborði voru brennd bein og viðarkol. Greina mátti sex lög í holunni eins og fram kemur á sniðteikningunni. Neðst var nánast hreint viðarkolalag (lag 6) eins og í holu E1 en engir steinar. Þá tók við brúnt mannvistarlag með brenndum beinum og viðarkolum (lag 5). Mjög svipað lag var efst í holunni (lag 1) og á milli þessara tveggja laga var nánast hreint beinalag (lag 2) þar sem öll bein voru brennd. Undir beinalaginu var þunnt viðarkolalag (lag 4). Út frá holunni til suðurs gæti verið rás, en ekki var hægt að staðfesta það. Holan var klædd steinum á hliðinni (gloppótt) allan ytri hringinn, en ekki á botninum.

Þessir steinar lágu ekki þétt. Minna var af þeim í fyllingunni. Úr holunni voru tekin eDNA sýni og viðarkolasýni til aldursgreininga. Í holunni voru 132 L af brenndum steinum (hitasteinum/soðsteinum?).

Síðastliðið sumar voru tekin sjö sýni úr holu E2, þrjú viðarkolasýni, tvö beinasýni og þrjú mannvistarlagssýni.

Þrjú viðarkolasýnanna frá síðastliðnu sumri (2022) úr holu E2 voru send í C-14 greiningu til Globe Institute. Allar niðurstöður eru miðaðar við 2 sigma staðalfrávik.

Gripur	
Bein (Fnr.)	14+3
Jaspis	2+2
Glerhallur	1
Tinna	2+2
Járn	3
Nagli	1
Gler (ungt)	1
Brýni (dökkt)	1

Tafla 3. Gripaflokkar (fundanúmer) úr reit E (Prh. 3) frá upphafi rannsókna. + sýnir fundanúmer 2023.

Sýni nr. 123 var úr birkikoli og reyndist vera 1080±30 BP. Leiðrétt er sýnið einhverntíman frá tímabilinu 940-1023 e. Kr. (65,2% líkur) eða 892-933 e. Kr. (30,2% líkur). C-13 ísótópahlutfallið var -25,3‰.

Úr sýni nr. 136 voru send tvö viðarkolasýni í C-14 greiningu. Fyrra sýnið var 1130±30 BP og leiðrétt var það einhverntíman frá árunum 875–994 e. Kr. (89,3% líkur) eða 830–851 e. Kr. (3,7% líkur) eða 776–786 (2,4% líkur). C-13 ísótópahlutfallið ver 26,4‰.

Seinna sýnið var 1070 BP og leiðrétt var það einhverntíman frá 944-1026 e. Kr. (71,7%) eða 893-928 e. Kr. (23,7%). C-13 hlutfallið var -27,3‰.

Hlutföll C-13 þýða að engin hafræn áhrif eru í sýnunum sem myndi gera þau eldri en þau voru í raun.

Þessar niðurstöður gætu bent til þess að mannvistarlagið og holurnar í reitnum tilheyri bæði líftíma eldri og yngri skálans þó einkum séu það holur frá líftíma yngri skálans sem nú hafa verið aldursgreindar.

Nokkur beinasýni voru einnig send í greiningu. Aðeins er unnt að greina fáein bein til tegunda vegna þess að þau eru öll brennd og molnuð.

Mannvistarlagssýnin verða mörg hver send til Globe institut og eDNA greind þar.


Engir gripir fundust í mannvirki E2.

Mannvirki E3, hola

Holan var í suðausturhluta reitar E. Hún var nokkuð minni en Hola 2 og nær hringlaga, en þó býsna óregluleg. Þvermál hennar var 2,1 m, en mjókkaði fljótlega niður í 1,6 m. Mun meira var af steinum í holunni miðað við rúmmál sitt, en 180 L af steinum (hitasteinum/soðsteinum) var safnað úr holunni og voru þeir dreifðir um alla holuna, einkum austan megin í henni og á botninum.



Mynd 10. Hola E3 snittuð. Sjá má að steinarnir raða sér einkum vinstra megin (Austan) í holunni og á botninn. Stafr. myndir nr. 513. Horft mót S. Ljósm. BFE).



Mynd 11. Sniðteikning af holu E3. Græna lagið er nr. 4 svipað og lag nr. 2 í holu E2.

Í holunni var torflag (lag 7) sem gæti hafa verið notað til að stjórna því sem í holunni fór fram. T. d. var torf sett yfir lýsisgerðarholur í N-Noregi til að lýsið rynni betur úr spikinu og hindra að það fuðraði upp. (Nilsen 2016). Svipuð hugmynd var notuð við kolagerð. Frá Hofstöðum í Mývatnssveit fannst torf í soðholu 5306 (Hildur Gestsdóttir 2015:11 og 13).

Engin sýni voru tekin úr holunni og engir gripir fundust í henni.

Gripir

Sumarið 2022 urðu breytingar á fundaflórunni í Stöð. Gripategundum fækkaði og sumar tegundir duttu út eða því sem næst, gripategundir eins og snældusnúðar og silfur t.d. (sjá töflu 1). Þetta munstur breyttist ekki nú í sumar. Eins fækkaði perlum umtalsvert og þær eru minni og fábreyttari en í yngri skálanum og sömu sögu er að segja um blý o.fl.

Athyglisverð vísbending er að brýnin í eldri skálanum eru dekkri en brýnin úr þeim yngri. Þetta gæti bent til þess að brýnin hafi komið frá Mostadmarka í Þrændalögum í N-Noregi, en ekki frá Eidsborg í Þelamörk í S-Noregi. Dökku brýnin eru almennt eldri en þau ljósu eins og fram kemur hér að ofan og í síðustu skýrslu.


Samtals voru 219 skráð fundanúmer í rannsóknunum síðastliðið sumar, sem er með minna móti.

Gripur nr. 2023-77.


Þessi gripur lætur ekki mikið yfir sér, en er þó eini gripurinn sinnar tegundar sem fundist hefur á Íslandi. Er hann úr sandsteini, 24,8 mm í þvermál og 13,3 mm á þykkt. Á aðra hlið steinsins er krotuð mynd af skipi undir fullum seglum. Fannst hann undir suðurvegg eldri skálans rétt austur af dyrunum.

Í Evrópu kallast skreytið sem á honum er; *Ship graffiti*, eða skipa krot. Finnst slíkt krot víða í Evrópu frá ýmsum tímum. Til dæmis má sjá skipa krot á hvalveiðiskipum baska frá 16. öld (*Yachting Times*) og skipum frá Miðjarðarhafi á ýmsum öldum. (*The Malta ship graffiti project*).

Það er krotað á timbur, málma, bein og steina og jafnvel raf. Myndirnar eru einnig krotadar á skip, í kirkjum og á lausa gripum. Þegar þær finnast í kirkjum og á skipum eru þær gjarnan í ákveðnu skjóli eða þar sem þær sjást ekki vel svo sem undir þiljum í skipum eða á dimmum stöðum í kirkjum. Tilgangur krotsins er af ýmsum toga, en einn þeirra gæti verið að koma skilaboðum til guðanna. Slíkt



Mynd 12. Steinninn með skipa krotinu (Fnr. 2023-77. Teikn. Krístrún Kristinsdóttir. Sjá forsíðu).



Mynd 13. Krot frá Ásubergsskipunni í Noregi. Myndirnar eru krotadar á þilju og snéru niður. Þeim var kannski ætlað að tryggja góðan árangur.



Mynd 14. Mynd frá Rípum. Um 800 e. kr.



Mynd 15. Mynt frá Heiðarbæ.



Mynd 16. Hnífur sem fannst (Fnr. 2023-33. Ljós. BFE). Heilt skaftið er hægra megin og brotið blaðið til vinstri. Fannst utan við innganginn í yngri skálann. Hnífurinn er vel forbrýndur, blaðið til vinstri.



Mynd 17. Örvaroddur sem fannst á reit D, í suðurhluta reitarins. Oddurinn til hægri og skaftið til vinstri. (Fnr. 2023-140).

krot hef ég kallað almennan alþýðustíl, sem fylgir ekki ríkjandi hugmyndum samfélagsins um hvernig stílar eigi að líta út (Bjarni F. Einarsson 2007(b)). Í þessum stíl er því ákveðin uppreisn.

Elstu skipamyndir ná aftur á bronsöld og þau yngstu fram á nútíma. Sérstakur flokkur er frá víkingaöld og á fyrribærið sér ýmislegt sameiginlegt á þeim tíma þegar kemur að lögun skipanna og seglum ef þau eru höfð með og hve stór hluti skipsins eða skipanna er teiknaður. Stundum eru skipin stök og stundum heilir flotar. Stundum með segli og stundum ekki. Seglið á skipakrotinu frá Stöð er einstakt því það er aðeins sýnilegt öðru megin við mastrið. Hvað það þýðir liggur ekki fyrir.

Skipið er ein helsta táknmynd víkingaaldar og það er einnig mikilvæg táknmynd þegar á bronsöld á hellaristum, bronsgripum og skipslaga kumlum. (Ballard o.fl. 2004).

Skipið heldur áfram að vera mikilvægt í grafsiðum víkingaaldar, bæði ápreifanleg skip eða bátar í haugum og sem form á skipslaga eða bátslaga kumlum. Skipið er tákn um samskipti um langan veg. Það getur líka haft trúarlega merkingu, sigling á milli þessa heims og annars.

Skipið var helsta samgöngutækið á víkingaöld, bæði innanlands og til að komast á fjarlægur slóðir til að versla, ræna og rupla, finna ný lönd með auðlindum og nema þau eftir atvikum. Með skipunum komu nýjar hugmyndir, bæði góðar og slæmar og með þeim breiddust einnig farsóttir.

Einar elstu myntsláttur á Norðurlöndum eru frá Heiðarbæ (*Hedeby*, nú í Þýskalandi) og Rípum (*Ribe*) í Danmörku frá fyrsta fjórðungi 9. aldar e. Kr. (Moesgaard o.fl. 2014:104). Á elstu myntunum frá Heiðarbæ voru myndir af skipum, dæmigerðum norrænum skipum. (Malmer 2000). Á fáeinum

myntum frá Rípum (fjórum) eru einnig skipamyndir, en þær fundust svo seint sem árið 2018. (Feveile 2021). Til verslunarstaðanna kom fólk úr allri Evrópu til að versla. En fólk á skipum kom ekki alltaf til þess eins að versla, það kom líka til að skapa tengsl, ræna og rupla, leita nýrra landa, nema ný lönd og leita auðlinda og jafnvel til að setjast að á áfangastaðnum.

Sá eða sú sem krotaði á steininn frá Stöð og lagði hann undir vegg á húsi, sem var í byggingu, var hugsanlega að þakka guðunum fyrir vel heppnaða siglingu yfir úfið og viðsjárvert haf og samtímis tryggja að næstu siglingar yfir hafið yrðu jafn vel heppnaðar og sú síðasta. Gripurinn hefur verið verndargripur sem gott var að hafa í þússi sínu á þessum áhættusömu ferðum og að síðustu hafnaði hann undir húsi þar sem hann hélt áfram að sinna verndarhlutverki sínu. Hafði sá eða sú sem krotaði myndina séð silfurpening frá Rípum eða Heiðarbæ og gert sér einn slíkan svipaðrar stærðar og fórnað honum í stað alvöru myntar sem hann eða hún átti ekki? Fórnir af þessu tagi köllum við húsfórnir.

Jaspisar, glerhallar og brýni

Sem fyrr eru gripir úr jaspis og glerhalli býsna ráðandi í gripaflórunni í Stöð. Nú voru nær allir gripir úr steinum skoðaðir af ásláttufræðingi. Niðurstöðurnar voru á sömu línu og áður. (Kalle Thorsberg sbr. fylgirit).

Nokkrar brýnistegundir (úr afbrigðum af flögubergi og harðari steinum) er að finna í brýnaflórunni og virðast þau gefa til kynna mismunandi eiginleika sem voru eftirsóknarverðir. Til dæmis brýni nr. 162, 164 og 178 (sjá fylgirit). Í ár fannst einnig marglitt brýni (Fnr. 202) sem ekki hefur fundist áður í Stöð, en hafa fundist örsjaldan annarsstaðar í Íslandi. Allir þessir steinar fundust miðlægt í eldri skálanum.

Hægt er að skipta skífunum í tvo flokka. Skífur sem eru sleggjar á kanti og yfirborði og skífur sem eru kantsleggjar en ekki á yfirborði. Þær sem tilheyra fyrri flokknum eru stærri. Hvaða þýðingu það hefur haft liggur ekki fyrir, en engin munur er á dreifingu þessara skífa.

Næstu skref (og hugleiðingar?)

Á næsta sumri verður stefnt að því að grafa eins mikið af eldri skálanum og unnt er og hugsanlega klára hann. Þá fyrst verður hægt að leiða líkum að innri skiptingu hans, en margt bendir til þess að skálinn sé ekki ólíkur yngri skálanum hvað innri rýmisskiptingu varðar.

Opna þarf stærra svæði við reit E og sérstaklega til suðurs. Það er mikilvægt að ná utan um allt athafnasvæðið og fjölda hola. Fáein bein úr reit E voru rannsökuð og þau sem hægt var að greina reyndust öll úr hefðbundum húsdýrum, en það voru bein úr kind, kind/geit, svíni, og nautgripum, auk tanna úr hákarli eða hámeri í reit D. Þessi niðurstaða styður ekki þá tilgátu að á reit E hafi lýsi verið unnið úr sjávarspendýrum.

Út úr reit D þarf að grafa skurð til norðurs og kanna hvort þar leynist hús, en jarðsjámælingarnar bentu til þess, þó ekki væru vísbendingarnar sterkar. Áður en jarðsjámælingarnar hófust var talið hugsanlegt að hús væri í allra næsta nágrenni við reitinn og að mannvistarlagið í honum væri öskuhaugur. Það mat stendur óhaggað.

Líklega er kominn tími til að einbeita sér meira að nærsvæði skálanna, bæði til suðurs og austurs.

Fyrri aldursgreiningar sem komið hafa sýna þá væntanlegan aldur þessara leifa undir eldri skálanum og þær eru eldri en 870. Eins bendir allt til þess að talsverðan mun á hlutverki yngri og eldri skálans megi sjá í fundaflórunni. Yngri skálinn er hefðbundinn landnámskáli höfðingja, en hvað er þá eldri skálinn? Sýnir gripaflóran í eldri skálanum annarskonar athafnir en hefðbundar athafnir landnámsbýla með öllu því sem slíku fylgdi eins og skepnuhaldi og almennum bústörfum? Getur verið að eldri skálinn sé framhald af elsta fasanum þar sem annað en hefðubundin bústörf hafi verið stunduð? Að hann hafi beinlínis verið áframhald af útstöðinni og svo breyst í hefðbundið landnámsbýli? Niðurstöður eDNA greininganna verða afgerandi í þessu máli, en þær eru væntanlegar innan nokkurra mánaða, en minna má á frumniðurstöður þeirra sem benda til þess að eldri fasinn einkennist af víðigróðri og hval, en sá yngri af grasi og hval sem bendir til þess að skepnur hafi ekki verið til staðar í fyrra tilfellinu, en skepnuhald í því síðara. (Bjarni F. Einarsson 2022:37).

Eldri og yngri skálinn deila með sér nokkrum gripategundum. Þar eru helstar skífurnar, brýnin, jaspisar og glerhallar. Tóvinnuháhöld (snældusnúðar og kljástseinar) eru því sem næst óséd í eldri skálanum, en tóvinna er mikilvægur þáttur í yngri skálanum og í bústörfum landnámsbýla. 32 snældusnúðar fundust í yngri skálanum, en aðeins einn í þeim eldri enn sem komið er. 11 kljástseinar fundust í þeim yngri, en einn fram að þessu í þeim eldri (hann gæti verið sakka). Sé þetta rétt að eldri skálinn hafi ekki þjónað hefðbundnum landnámsstörfum sýnir hann að útstöðvar hafa lifað áfram í landinu inn í landnámið. Að útstöðvar og landnámsbýli hafi lifað hlið við hlið um einhvern tíma þar til tími útstöðvanna leið undir lok, líklega snemma á landnámsöldinni.

Þessi mikli munur á gripafjölda og gripaflóru skálanna kann því að stafa að mismunandi starfssemi í þeim, annarsvegar útstöð og hins vegar hefðbundnum landnámsaldar búskap. En þessi mikli gripafjöldi í yngri skálanum kann einnig að stafa af öðrum þáttum. Fjöldinn er meiri en í öðrum meintum höfðingjaskálum á Íslandi eins og Hrísrú og Hofstöðum. Mætti jafnvel nefna Reykjavík í þessu sambandi sökum fjölda gripa þar, en þeir dreifast þó á marga staði.

Staðirnir sem nefndir eru hér að ofan eiga ýmislegt sameiginlegt. Á þeim öllum voru kirkjur reistar og það mjög snemma í Hrísrú. Allra kirknanna er getið í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar um 1200, nema Hofstaða-kirkjunnar.¹

Ekki er hægt að varast þeirri hugsun að gripafjöldinn í Stöð stafi ekki aðeins af ríkidæmi býlisins, heldur einnig af því að gripirnir séu einskonar endaförn (*termination deposit*) skálans þegar hann var yfirgefinn og ný

¹ Kirkjan í Hrísrú hefur verið færð í Mosfell fyrir 1200. Elsta ritaða heimildin um kirkju á Hofstöðum er frá 1477 (Hildur Gestsdóttir 1999:40). Hún var ekki í Skálholtsbiskupsdæmi, en kirknaskrá Páls biskups náði aðeins yfir það. Fornleifarannsóknir sýndu að kirkjan var úr brúki fyrir 1300 (Hildur Gestsdóttir 2013:5).



Mynd 18. Yfirlit yfir hluta rannsóknarsvæðisins. Hægra megin við myndina teygir sig jarðsjármælingarsvæðið vel út fyrir myndina sbr. myndir 1 og 2. (Stafrænar myndir nr. 2022-470).

íveruhús byggð ofar í hlíðinni þar sem bærinn hefur staðið alla tíð síðan. Þetta gat hafa verið í tengslum við nýjan sið sem var að ryðja sér til rúms í landinu og höfðingjar voru einna fyrstir til að tileinka sér. Gamli siðurinn var kvaddur og hinn nýi hélt innreið sína, kristnin. Gripir eins og öxi, skutlar og skæri fara ógjarnan fram hjá fólki sem er að yfirgefa húsakynni sín.

Áður hefur komið fram að gripurinn með skipa-krotinu kunni að hafa verið upphafsform þegar húsið var byggt. Slíkar upphafsformir eru nokkuð vel þekktar á Norðurlöndum og eru bæði í formi gripa og matvæla og áttu sér einkum stað í skálum eða íveruhúsum fólks (Carlie 2004). Oft eru matvælin og gripirnir settir í stoðarholur, undir gólf, undir vegg og þá gjarnan nálægt dyrum eins og tilfellið er með skipa-krotið (sama 2004:190). Nokkur dæmi eru um slíkar upphafsformir á Íslandi. Í Vogu í Höfnum hefur búrhvalstönn verið fórnað utandyra við skálavegg (Bjarni F. Einarsson 2009, 2015:343) og í Reykjavík var rostungabeinum fórnað undir vegg í skála við Aðalstræti 14–18. (Roberts 2003). Á Hofstöðum í Mývatnssveit fannst heil beinagrind úr kind inni í skálanum og nokkrar hauskipunur úr nautgripum undir hrúni. Er talið að þetta hafi verið endafórn (Lucas o. fl. 2007:16).

Endafórnir eru minna rannsakaðar og erfiðara að aðgreina þær frá öðrum þáttum og ferlum. Um upphafs- og endafórnir annarsstaðar á Íslandi og Norðurlöndum má lesa í bókinni Landnám og landnámsfólk. Saga af bæ og blóti (Bjarni F. Einarsson 2015, bls. 329–349) og Forntida byggnadskult (Carlie 2004).

Heimildir (allar heimildir sem komið hafa við sögu frá upphafi rannsókna)

- Adolf Friðriksson, Oscar Aldred, Colleen Batey, Ramona Harrisson, Aaron Kendall, Kate Krivogorskaya, Tom McGovern, Karen Milek, Seth Brewington, Torfi H. Tulinius, Ragnar Edvardsson og Ian Simson. *Vatnsfjörður 2005. Fornleifarannsóknir/Fieldwork at Vatnsfjörður, NW-Iceland 2005*. Ritst. A. Friðriksson, T.H. Tulinius og G. Guðmundsson. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2005.
- Albína Pálsdóttir, Garðar Guðmundsson, Gavin Lucas, Guðrún Alda Gísladóttir, Karen Milek, Magnús A. Sigurgeirsson, Oscar Aldred, Thomas McGovern, Uggi Ávarsson og Véroniques Forbes. *Vatnsfjörður 2006. Framvinduskýrslur/Interim Report*. Fornleifastofnun Íslands. Ritst. Karen Milek. Reykjavík 2007.
- Andersson Strand, Eva. „Tools and Textiles - Production and Organisation in Birka and Hedeby.“ *Viking Settlements & Viking Society*. Papers from the Proceedings of the Sixteenth Viking Congress, Reykjavík and Reykholt, 16-23 August 2009. Ed. Svavar Sigmundsson, Anton Holt, Guðmundur Ólafsson og Orri Vésteinsson. Hið ísl. fornleifafélag. University of Iceland Press. Reykjavík 2011. Bls. 1-17.
- Andersson Strand, Eva. „Segel och segelduksproduktion i arkeologisk kontext.“ *Vikingetidens sejl*. Festskrift tilegnet Erik Andersen. Arkeologiske skrifter 14. Saxo-Instituttet, Københavns universitet. 2016. Bls. 21-48.
- Ármann Dan Arnason. *Er eitthvað í þig spunnid?* Er hægt að greina formgerðarfræðilega þróun snældusnúða á Íslandi frá landnámi til ársins 1300? Lokaverkefni til BA-prófs í fornleifafræði. Háskóli Íslands. Hugvísindasvið. Sagnfræði og heimspekideild. Reykjavík 2015.
- Árnadóttir T., Lund B., Jiang W., Geirsson H., Björnsson H., Einarsson P. og Sigurdsson T. *Glacial rebound and plate spreading: Results from the first countrywide GPS observations in Iceland*. Geophysical Journal International, Vol. 177, Issue 2. May 2009. Bls. 691-716.
- Ballard, Chris, Bradley, Richard, Nordenborg Myhre og Wilson, Meredith. „The ship as symbol in the prehistory of Scandinavia and Southeast Asia.“ *World Archaeology*, Vol 35(3). 2004. Bls. 385-403.
- Baug, Irene. „Soapstone Finds.“ *Things from the town. Artefacts and Inhabitants in Viking-age Kaupang*. Ed. Dagfinn Skre. Kaupang Excavation Project. Publication Series, Volume 3. Norske Oldfunn XXIV. Aarhus University Press & the Kaupang Excavation Project. University of Oslo. 2003. Bls. 311-337.
- Baug, Irene, Heldal, Tom, Jansen, Øystein J. og Skre, Dagfinn. „Bryneisteinar í Ribe - fra fjerne utmarksområder til sentrale markeder.“ *By, marsk og geest* 32. Kulturhistorisk tidskrift for Sydvestjylland. Sydvestjyske museer. Liljebjerget 2020. Bls. 44-59.
- Bjarni F. Einarsson. „Jaðarbyggð á Eyjafjarðardal. Víkingaaldarbærinn Granastaðir. Fornleifarannsóknir á skála, jarðhýsi og öðrum tilheyrandi fornleifum sumrin 1987 og 1988.“ *Súlu. Norðlenskt tímarit*. XVI. árg. 29. hefti. Akureyri 1989. Bls. 22-77.
- Bjarni F. Einarsson. „Hið félagslega rými að Granastöðum. Félagssálfræðilegar kenningar og hugmyndir í fornleifafræði.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1992*. Reykjavík 1993. Bls. 51-75.
- Bjarni F. Einarsson. *Fornleifarannsókn í Aðalstræti 12 1993. Rannsóknarsaga, endurmat og landnám*. Skýrslur Arbæjarsafns XLIX. Reykjavík 1995.
- Bjarni F. Einarsson. *Irskubúðir. Landnámsbýli á utanverðu Snæfellsnesi*. Skýrsla um fornleifarannsóknir haustið 1999. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2000.
- Bjarni F. Einarsson. *The Settlement of Iceland; a Critical Approach. Granastaðir and the Ecological Heritage*. Reykjavík 1995.
- Bjarni F. Einarsson (a). *Bær við Salthöfða. Eyðibýli í Örafum*. Skýrsla IV. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2007.
- Bjarni F. Einarsson (b). „Ekki er allt sem sýnist. Párað, krotað og risst til forna.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2004 - 2005*. Reykjavík 2007. Bls. 119-150.
- Bjarni F. Einarsson. *Landnámsbýli í Höfnum, Reykjanesbæ*. Skýrsla II. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2009.
- Bjarni F. Einarsson. *Vogur. Landnámsaldarbýli í Höfnum, Reykjanesbæ*. Skýrsla III. Rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2011.
- Bjarni F. Einarsson. *Vogur. Landnámsaldarbýli í Höfnum, Reykjanesbæ*. Skýrsla IV. Rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2013.
- Bjarni F. Einarsson (a). *Landnám og landnámsfólk. Saga af bæ og blóti*. Skrudda. Reykjavík 2015.
- Bjarni F. Einarsson (b). *Stöð. Rúst 16:1 í Fjarðabyggð*. Skýrsla I. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2015.
- Bjarni F. Einarsson (a). *Stöð í Stöðvarfirði. Fornleifarannsóknir á Skála frá 9. öld og fleiri rústum*. Skýrsla II. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2017.
- Bjarni F. Einarsson (b). *Skarðssel á Landi. Fornleifarannsóknir 2016*. Fornleifafræðistofan - Landsvirkjun. Reykjavík 2017.
- Bjarni F. Einarsson (c). *Stöð í Stöðvarfirði. Fornleifarannsóknir 2017. Leit og rannsókn á húsum*. Skýrsla III. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2017.
- Bjarni F. Einarsson. *Stöð. Skálar og rúst á Stöð í Stöðvarfirði*. Skýrsla IV. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2018.
- Bjarni F. Einarsson (a). *Bærinn sem hvarf í ösku og eldi 1362*. Skrudda. Reykjavík 2020.
- Bjarni F. Einarsson (b). *Stöð. Skálar á Stöð í Stöðvarfirði*. Skýrsla V. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2020.
- Bjarni F. Einarsson. *Stöð. Skálar á Stöð í Stöðvarfirði*. Skýrsla VI. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2021.

- Bjarni F. Einarsson. Stöð. Skálar í Stöð á Stöðvarfirði. Skýrsla VII. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2022.
- Bjarni F. Einarsson. Stöð. Skálar og hús í Stöð á Stöðvarfirði. Skýrsla VIII. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2023.
- Bjarni F. Einarsson, Daniel Lindblad, Guðbjörg Melsted og Sindri Ellertsson Csillag. *Mjóeyri við Reyðarfjörð*. Fornleifarannsóknir á rúst 016 í landi Sómastaða í Fjarðabyggð, S-Múlasýslu. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2008.
- Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarisdóttir. *Þjótandi við Þjórsá*. Fornleifarannsóknir 2008. Fornleifafræðistofan - Landsvirkjun. LV-2009/071. Reykjavík 2009.
- Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag. *Þjótandi við Þjórsá*. Fornleifarannsóknir 2010. Fornleifafræðistofan - Landsvirkjun. LV-2011/062. Reykjavík 2011.
- Bolender, Douglas J. *Excavations at Glaumbær 2006. Preliminary Report of the Skagafjörður Archaeological Settlement Survey*. Northwestern University. Artal vantar.
- Bond J.M., Outram Z., Freeth C.M. *Vikinbg Unst Project. Excavations at Hamar and the Upper House, Underhoull: Field Season 2008*. Interim Report No. 3 (Data Structure Report). Shetland Amenity Trust. University of Bradford. 2008.
- Borg in Lofoten. A Chieftain's farm in North Norway*. Ed. Gerd Stamsö Munch, Olav Sverre Johansen & Else Roesdahl. Lofotr. Vikingmuseum på Borg. Tapir. Academic Press. Trondheim 2003.
- Bronk Ramsey, C. „Bayesian analysis of radiocarbon dates.“ *Radiocarbon* 51(1). 2009. Bls. 337–360.
- Brynjúlfur Jónsson. „Rannsóknir í Norðurlandi sumarið 1905.“ *Árbók Hins isl. Fornleifafélags* 1906. Reykjavík 1907. Bls. 1–27.
- Brynjúlfur Jónsson. „Rannsókn í Vestur-Skaftafellssýslu sumarið 1909. V. Böðmóðstunga.“ *Árbók Hins isl. fornleifafélags* 1909. Reykjavík 1910. Bls. 10–12.
- Carlie, Anne. *Forntida byggnadskult. Tradition och regionalitet i södra Skandinavien*. Riksantikvarieämbetet. Arkeologiska undersöningar, Skrifter No 57. Malmö 2004.
- Daniel, O., Le, H., Sein, M., Þórhallsdóttir, R., Lerner, H. and Smith E. *Comparison of Ancient DNA Extraction Protocols on Soil from an Archaeological Site in East Iceland*. Poster 2018.
- Edberg, Rune & O' Meadhra, Uaininn. Vikingatida skeppsgraffiti frá Birka och Sigtuna. Situne Dei. *Arsskrift för Sigtunaforskning och historisk arkeologi*. Ritst. Anders Söderberg, Anna Kjellström, Charlotte Hedenstierna-Jonson, Johan Runer, Magnus Källström och Rune Edberg Sigtuna Museum 2016.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Islenskar perlur frá víkingaöld; með viðauka um perlur frá síðari öldum*. MA ritgerð við HI. Reykjavík 2005.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. „Beads from Hrísrú and their Wider Icelandic Context.“ *Viking Archaeology in Iceland*. Mosfell Archaeological Project. Ed. D. Zori & J. Byock. Brepols. Turnhout 2014. Bls. 135-141.
